

Fundargerð 157. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 1. júlí 2015
Fundartími: 19:00 – 22:40
Fundarmenn: Árni Eiríksson
Svanhvít Hermannsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund og bauð fundargesti velkomna. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Samþykkt að bæta við dagskrárliðnum Önnur mál: a) Erindi frá Ungmennafélaginu Samhygð.

Dagskrá:

1. Fundargerð Skipulagsnefndar – nr. 91, dags. 11.06.2015

a) Miklholtshellir 166267: Miklholstshellir 221775 og Miklholtshellir 189762: Stofnun lóðar og afmörkun lóða – 1506025

Lögð fram umsókn um stofnun 15.000 fm lóðar úr landi Miklholtshellis lnr. 166267 auk umsóknar um staðfestingu á hnitsetningu lóðarinnar Miklholtshellir lóð 189762. Þá er einnig gert ráð fyrir að breyta heitum þeirrar lóðar og aðliggjandi lóðar í Miklholtshellir lóð 1 og lóð 2. Ný lóð mun kallast Miklholtshellir lóð 3.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi erindi með fyrirvara um samþykki aðliggjandi eigenda og samþykki Vegagerðar á nýrri tengingu. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Gaulverjabæjarkirkja 165481:Gaulverjabær 165480: stækkun lóðar – 1506027

Lögð fram umsókn um stækkun lóðar Gaulverjabæjarkirkju lnr. 165481 úr landi Gaulverjabæjar lnr. 165480 úr 1.780 fm í 2.310 fm. Meðfylgjandi er lóðablað sem sýnir fyrirhugaða stækkun.

Skipulagsnefnd bendir á að samkvæmt þjóðskrá er stærð lóðarinnar 0,0 ha sem gæti þýtt að lóðin sé ekki þinglýst. Nefndin gerir þó ekki athugasemd við að lóð utan um Gaulverjabæjarkirkju verði afmörkuð í samræmi við fyrirbyggjandi gögn. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 15 – 08 – 1506001F, frá 3. júní 2015

Lagðar fram til kynningar.

d) Erindi frá Minjastofnun Íslands – Ragnheiðastaðir 2 í Flóa. Breytt dskl.

Vísað til skipulagsfulltrúa.

2. Fundargerð Skipulagsnefndar – nr. 92 dags. 25.06.2015

a) Skálmholt land 193160: Aðalskipulagsbreyting – 1412001

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem felst í að breyta hluta af svæði fyrir frístundabyggð úr landi Skálmholts, merkt F15, í landbúnaðarsvæði. Um er að ræða 8 ha svæði og er breytingin gerð þar sem fyrirhugað er að stofna lögbýli á

spildunni. Tillagan var kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga með auglýsingu sem birtist 13. maí 2015 og var tillaga að deiliskipulagi svæðisins kynnt samhliða. Engar athugasemdir eða ábendingar hafa borist.

Skipulagsnefnd mælir með að sveitarstjórn samþykki að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða tillögu að deiliskipulagi svæðisins. Björgvin Skafti vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Urðarlaut 193160: Skálmholt: 8,22 ha lögbýli: Deiliskipulag – 1503023

Lögð fram að nýju tillaga Landforms að deiliskipulagi um 8 ha lögbýlis á spildu úr landi Skálmholts í Flóahreppi sem kallast mun Urðarlaut. Er tillagan í samræmi við tillögu að breytingu aðalskipulags sama svæðis sem er í vinnslu. Svæðið liggur við aðkomuveg að Skálmholtshrauni og samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að þar verði heimilt að reisa allt að 360 fm íbúðarhús og bílageymslu og allt að 600 fm fjölnota skemmu. Á landinu stendur tæplega 37 fm sumarhús og 22 fm gestahús og verður heimilt að stækka þessar byggingar í 170 fm.

Skipulagsnefnd mælir með að sveitarstjórn samþykki að auglýsa deiliskipulagið skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi svæðisins. Björgvin Skafti vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Urðarlaut 193160: Umsókn um byggingarleyfi: Nýtt sumarhús – 1506068

Sótt er um að byggja sumarhús úr timbri á einni hæð, stærð 278 ferm.

Nefndin samþykkir að grenndarkynna umsóknina skv. 44. gr. skipulagslaga.

Afgreiðslu vísað til byggingarfulltrúa berist ekki athugasemdir.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsfulltrúa með 5 atkvæðum.

d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 15-09 – 1505003F frá 16. júní 2015

Lagðar fram til kynningar.

3. Aðalskipulagsgerð 2016 – 2028 – landbúnaðarland, fornleifaskráning

Rætt um að flýta fornleifaskráningu sem stendur yfir, og sveitarstjóra falið að kanna möguleika á að bæta við skáninguna og hvort sé hægt að flýta verklokum sem áætluð voru árið 2019.

Lagt fram erindi frá formönnum búnaðarfélaganna í Flóahreppi þar sem óskað er eftir því að samhliða vinnslu aðalskipulags verði unnið að flokkun landbúnaðarlands í Flóahreppi.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindi búnaðarfélaganna, en endanlegri afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Erindi frá Hestamannafélaginu Sleipni – vinnuframlag unglings í reiðskóla, leiðrétting á bókun sveitarstjórnarfundar nr 156.

Ranglega er bókað í fundargerð 156. fundar, lið nr 12, að umsókn um vinnuframlag unglings úr Vinnuskóla Flóahrepp sé frá Rannveigu Árnadóttur og Brynjari Jóni Stefánssyni, hið rétta er að umsóknin er frá Hestamannafélaginu Sleipni. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Krakkaborg – uppsögn leikskólastjóra, auglýsing og ráðningarferli.

Sigríður Birna Birgisdóttir hefur sagt upp starfi sínu við leikskólann Krakkaborg. Starfið hefur verið auglýst. Sveitarstjóra, oddvita, formanni fræðslunefndar og leikskólaráðgjafa Skólaþjónustu Árneshvíls falið að vinna úr umsóknum. Sigríði Birnu eru þökkuð góð störf við Krakkaborg.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Laun í vinnuskóla Flóahrepps árið 2015

Í vinnuskólanum starfa þrír árgangar fæddir 1999, 2000 og 2001. Gerð er tillaga um tímakaup sem hér segir:

1999 árgangur, 850 kr/klst
2000 árgangur, 700 kr/klst
2001 árgangur, 650 kr/klst
Samþykkt með 5 atkvæðum

7. Viðauki vegna fjárhagsáætlunar ársins 2015

a) Þjósárver.

Lögð fram kostnaðaráætlun vegna framkvæmda í Þjósárveru. Fram kemur að rjúfa þarf þak til þess að komast fyrir leka í andyri hússins og endurnýja vegg og loftklæðningar innanhúss.

Þörf er á að gera viðauka III við fjárhagsáætlun kr 3.190 þús kr, vegna framkvæmdanna. Kostnaðarauka verði mætt með framlagi af eigin fé. Kostnaðaráætlun umsjónarmanns fasteigna upp á 5.190 samþykkt en gerð viðaukans frestað til næsta fundar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Umsögn sveitarstjórnar um umsókn um tækifærisleyfi – nemendafélag ML

Beiðni frá sýslumanninum á Höfn um umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar um tækifærisleyfi vegna útilegu nemendafélag ML við Einbúa. Fyrir liggur samningur við Ungmennafélagið Baldur og ábúendur í Oddgeirshólum gera ekki athugasemdir við samkomuna.

Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir vegna umsóknarinnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Erindi frá formanni Æskulýðs- og tómstundanevndar – akstur í félagsmiðstöð

Lagt fram erindi frá Rannveigu Árnadóttur formanni æskulýðs- og tómstundanevndar þar sem farið er fram á að sveitarfélagið sjái um akstur í félagsmiðstöð tvisvar í mánuði.

Erindinu frestað og sveitarstjóra falið að kanna kostnað vegna akstursins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Erindisbréf fræðslunefnar – endurskoðun

Lögð fram drög að nýju erindisbréfi fræðslunefnar. Gerðar smávægilegar breytingar og erindisbréfinu vísað til fræðslunefndar til umsagnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Samstarfssamningur Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, um refaveiðar

Lagður fram samstarfssamningur milli sveitarfélaganna um refaveiðar.

Samþykktur með 5 atkvæðum og sveitarstjóra falið að undirrita hann.

12. Samkomlag um innheimtu – milli Flóahrepps og Sjóðs/Lögmanna Suðurlandi

Lagt fram samkomulag um innheimtu krafna fyrir sveitarfélagið við Sjóð/Lögmenn Suðurlandi. Samkomulagið gildir fyrir innheimtu allra krafna fyrir Flóahrepp hverju nafni sem nefnast.

Samkomulagið samþykkt með 5 atkvæðum og sveitarstjóra falið að undirrita fyrir hönd Flóahrepps.

13. Fréttir af framkvæmdum í sveitarfélaginu.

Gert hefur verið samkomulag við Jóhann Helga & co um frágang leikskólalóðarinnar og er stefnt að því að verkinu ljúki fyrir opnun leikskólans í haust. Unnið er að viðgerðum á gólfi og veggjum í kjallara Gömlu Þingborgar og stefnt að verklokum í júlí. Í Þjósárveru standa yfir viðgerðir vegna leka og stefnt að verklokum utanhúss fyrir skólabyrjun í haust. Lokafrágangi í anddyri verður lokið fyrir miðjan september.

14. Samstarfsyfirlýsing lögreglunnar og sveitarfélaganna á Suðurlandi

Lögð fram yfirlýsing um samstarf lögreglunnar og sveitarfélaganna þar sem Sveitarfélögin á Suðurlandi samþykkja að beita sér fyrir átaki gegn heimilisofbeldi í samvinnu við lögregluna á Suðurlandi. Unnið verður í samráði við hagsmunasamtök og aðra sem geta lagt verkefninu lið.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Næsti sveitarstjórnarfundur – 12. ágúst 2015

Lagt er til að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn 12. ágúst 2015. Erindi sem óskað er eftir að tekin verði fyrir á fundinum þurfa að hafa borist fyrir klukkan 12:00 föstudaginn 7. ágúst 2015.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

16. Trúnaðarmál: Fært í trúnaðarmálbók.

17. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 156, dags. 03.06.2015

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Vísað er í lið 3 hér á undan varðandi leiðréttingu á lið 12 í fundargerðinni.

b) Rekstrarstjórnar Félagsheimilanna nr. 12, dags. 18.06.2015

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

c) Stjórnar byggðasamlags um skipulagsfulltrúa Uppsveita nr. 34, dags. 11.06.2015

d) Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

e) Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshlíps nr. 10, dags. 23.06.2015

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

f) NOS nr. 8, dags. 24.06.2015

g) Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

h) Samstarfsnefndar lögreglustjóra og sveitarstjóra í Suðurlandsumdæmi nr. 1 dags. 25.03.2015

i) Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

j) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, nr. 828, dags. 29.05.2015

k) Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

l) HES nr. 165 dags. 29.05.2015

m) Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

18. Efni til kynningar:

a) Skýrsla stjórnar HfSu til aðalfundar og ársreikningur ársins 2014.

b) Staðfesting Innanríkisráðuneytis á samþykktum Bergrisans bs um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi.

c) Kynning á “Auðnast“ fyrirtæki með heilsuefningu að markmiði – heilsa og heilbrigði mannauðs grunnforsenda að afkastamiklum árangri fyrirtækja.

d) Frá Þjóskrá – Upplýsingar um fasteignamat 2016.

e) Stefnumörkun um nýtingu vindafis – skýrsla um kynnisferð á vegum Skipulagsnefndar Uppsveita bs til Skotlands 16. mars – 19. mars 2015

19. Önnur mál:

a) Erindi frá Ungmennafélaginu Samhygð – styrkbeiðni vegna Flóahlaups. .

Á síðasta kjörtímabili voru settar reglur um framlög til íþrótt- og menningarstarf og er umsækjanda bent á að sækja um í þá sjóði þegar auglýst er til úthlutunar. Ekki verður því orðið við þessu erindi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Árni Eiríksson
Svanhvít Hermannsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir